

## 1. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Hitt húsið, 15. mars 2021, kl. 17:15

**Mættir eru:** Una Hildardóttir (UH), Viktor Ingi Lorange (VIL), Sylvía Martinsdóttir og Davíð Sól Pálsson (DSP). Geir Finnsson (GF), Sara Þöll Finnbogadóttir (SPF) Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) voru með í gegnum fjarfundarbúnað.

**Frá skrifstofu:** Tinna Isebarn (TI) og Rut Einarsdóttir (RE).

*Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)*

*Fundur settur 17:16*

### Dagskrá:

1. **Siðareglur:** UH kynnir siðareglur LUF og viðstaddir staðfesta að fylgja þeim með undirritun.
2. **Samningsviðauki:** UH undirritar viðauka við samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir hönd LUF.
3. **Vinnureglur stjórnar:**
  - 3.1. Tillaga frá meðstjórnendum um hlutverk:
    - 3.1.1. Að SÁS haldi áfram sem lýðræðisfulltrúi er samþykkt.
    - 3.1.2. Að DSP taki við hlutverki réttindafulltrúa er samþykkt.
  - 3.2. Tillaga frá skrifstofu að tveim trúnaðarmönnum:
    - 3.2.1. Réttindafulltrúi stjórnar er samþykkt.
    - 3.2.2. Lögfræðingur skrifstofu er samþykkt.
4. **Upplýsingagjöf frá skrifstofu:**
  - 4.1. TI kynnir starfsáætlun stjórnarársins.
  - 4.2. TI skýrir vinnuáætlun skrifstofu.
  - 4.3. Starfsmannamál: TI kynnir úrræði vinnumálastofnunnar sem ætlað er að bregðast við atvinnuleysi. TI er falið að setja upp starfslýsingu.
5. **Fundargerðir til samþykktar:**
  - 5.1. [Fundargerð](#) 16. stjórnarfundar 2020-2021 er samþykkt.
  - 5.2. [Þinggerð](#) sambandsþings 2021 er samþykkt.
6. **Frá nefndasviði Alþingis:**
  - 6.1. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sendir LUF til umsagnar: [Frumvarp til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum \(kosningaaldur\)](#).
    - 6.1.1. Drög að [umsögn LUF](#) er samþykkt.
  - 6.2. Velferðarnefnd Alþingis sendir LUF til umsagnar: [Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003 \(samþætting þjónustu, hlutverk o.fl.\)](#).
    - 6.2.1. TI er falið að hafa samband við Þroskahjálp.
  - 6.3. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sendir LUF til umsagnar: [Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum \(kosningaaldur\)](#).
    - 6.3.1. Drög að [umsögn LUF](#) er samþykkt.
7. **#ÉgKýs 2021:**
  - 7.1. Samstarfssamningur við SÍF er samþykktur.
  - 7.2. Fulltrúi stjórnar í stýrihópi #ÉgKýs: SÁS er skipuð.

- 7.3. Drög að verkefnaáætlun er samþykkt: SÁS og TI falið að ljúka henni.
- 7.4. Fundur með SÍF: TI er falið að staðfesta við SÍF að fundurinn fari fram á fim kl. 17:00 í gegnum Zoom.
8. **Rsk-málið til upplýsinga:**
  - 8.1. Enn er beðið eftir formlegri synjun Fyrirtækjaskrár á skráningu heitisins LUF.
  - 8.2. LUF sendi athugasemdir vegna skýringa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar LUF. Beðið er ákvörðunar umboðsmanns um framhald málsins.
  - 8.3. SHB ritar grein fyrir heimasíðu, skoðun á visir.is og rómur.is með samantekt á ferli málsins í von um að það klárast á farsælan hátt. RE falið að dreifa á samfélagsmiðlum.
9. **Alþjóðamál:**
  - 9.1. Formennska LUF í NBC: SÞF skipulagði fund með NBC 17. febrúar. SÞF mun aðstoða við AC kosningarnar á næsta þingi YFJ.
  - 9.2. Sambandsstjórnarþing European Youth Forum 17. - 18. apríl 2021: SÞF er skráður aðalfulltrúi og er henni falið að skipa varafulltrúa.
  - 9.3. Skuldbindingar LUF gagnvart „Nordic Youth in Sustainable Communities“ (NUFB):
    - 9.3.1. LUF hefur verið falið að skipa fulltrúa Íslands í úthlutunarnefnd sjóðsins: Stjórn ákveður að skipa SM, gjaldkera stjórnar.
    - 9.3.2. A.m.k. tveir fulltrúar LUF hafa staðfest þátttöku í vinnustofu.
  - 9.4. Vinnustofa Norrænu ráðherranefndarinnar um Agenda 2030: UH er fulltrúi LUF og kemur til með að sækja þrjár vinnustofur.
  - 9.5. Ungmennafulltrúi SÞ á sviði kynjajafnréttis á CSW: Hélt kynningu hjá íslensku sendinefndinni fyrir fundi kvennanefndarinnar í dag. RE er falið að birta fréttatilkynningu.
10. **Upplýsingamiðlun:** RE og VIL er falið að búa til birtingadagatal fyrir fréttatilkynningar og samfélagsmiðla.
11. **Stofnun starfshóps:** VIL leggur fram tillögu um að stjórn LUF stofni starfshóp um fjárhagslegt sjálfstæði LUF og ungmennageirans. Tillagan er samþykkt. VIL og SM er falið að sitja í starfshóp og er skrifstofu falið að ákveða einn starfsmann til þess að halda utan um hópinn og annan til stuðnings.
12. **Næsti stjórnarfundur:** Mán 29. mars kl. 17:15.
13. **Fyrsti leiðtogaáðsfundur:** Þri 30. mars kl. 17:30.
14. **Önnur mál:** GF kynnir beiðni varðandi 19. grein stjórnarskrárinnar og er honum falið að hafa samband við skipuleggjendur.

*Fundi slitið 18:45*

*RE ritaði fundargerð*